

**Tillaga til ályktunar***– Erlendir leikmenn –***Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**.  
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

**VI. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS***23. grein – Erlendir leikmenn*

- 22.1 Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en ~~þrjú~~ **fimm** erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, NorðurÍrland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra **fimm** erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

**Greinargerð**

Reglugerðin var upphaflega sett til að vernda stöðu íslenskra leikmanna og að takmarka fjölda erlendra leikmanna í hverju liði. Eftir að löggjöf var breitt og leikmenn þjóða innan EES hættu að teljast erlendir þá er ekki eðlilegt að leikmönnum sem sérstaklega mismunað eftir þjóðerni.

Sú breyting hefur verið gerð frá því þetta ákvæði var sett inn að allir erlendir leikmenn sem koma frá löndum utan EES þurfa að fá hér atvinnu – og dvalarleyfi sem þeir þurftu ekki áður og er regluverk í kringum þau leyfi orðin býsna ströng. Það eitt og sér er nægjanleg takmörkun á fjölda erlendra leikmanna sem koma frá löndum utan EES.

Þessu til viðbótar má jafnframt benda á að í efstu deild karla og 1. deild karla skulu félög senda inn leikmannalista sem hafa ákveðnar takmarkanir gagnvart erlendum leikmönnum, þ.e. skilyrði eru sett varðandi uppalda leikmenn og þ.a.l. takmarkanir gagnvart erlendum leikmönnum.

**Vestri**  
**ÍA**